

50. Witkowska, Elzbieta, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Póllandi 2. október 1931.  
 51. Woods, Rodney William, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.  
 52. Woods, Russel Eugene, bifreiðastjóri í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 26. júlí 1911.  
 53. Woods, Russel Eugene, nemandi í Keflavík, fæddur í Bandaríkjunum 28. október 1952.

**2. gr.**

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslensk nöfn samkvæmt lögum um manna-nöfn.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. maí 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

**L Ö G**

**um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1969 greiða ríkissjóði 60% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 60% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar gr.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt er úr gildi felld 12. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

*Gjört í Reykjavík, 9. maí 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*